

**Nd.**

**146. Lög**

um verslunarskýrslur.

(Afgreidd frá Nd. 24. mars).

1. gr.

Um allar innfluttar og útfluttar vörur skulu viðtakendur eða sendendur varanna vera skyldir til, um leið og þeir taka við vörunum eða senda þær, að láta lögreglustjórum eða þeim, sem koma í þeirra stað, í tje skýrslur um tegund og magn varanna, löndin, sem þær eru keyptar frá eða seldar til, svo og innkaupsverð innfluttra vara, að viðbættum flutningskostnaði til landsins, og söluverð útfluttra vara á útflutningshöfn hjer á landi, alt eftir því sem eyðublöð þau greina og reglugerðir, sem landsstjórnin gefur út.

Í lögum þessum telst handhafi farmskirteinis móttakandi innfluttrar vöru og sendandi útfluttrar vöru sá, er samkvæmt farmskirteini því, sem fylgja á vörunum til útlanda, er sendandi vörunnar. En sje sendandi fjarverandi, þá hvílir skyldan til að gefa verslunarskýrslu á þeim, sem annast afgreiðsluna á vörunni fyrir hann á burtfararstað útflutningsskips. Útflutningshöfn telst sú höfn, þar sem vara er látin í skip og farmskirteini gefið út yfir hana beint til útlanda, hvort sem hún er flutt alla leið með sama skipi eða umhlaðin síðar í önnur skip.

Á sama hátt skal gefa skýrslur um böggla, sem koma til landsins eða sendir eru úr landi í bögglapósti, en pósthjórnin heimtir inn skýrslur um þá, en eigi lögreglustjóri.

2. gr.

Eigi má án samþykkis lögreglustjóra eða umboðsmanns hans afhenda viðtakendum innfluttar vörur nje afgreiða vörur til útflutnings fyrir en verslunarskýrslur hafa verið gefnar um þær. Brot gegn þessum fyrirælum varðar sektum, alt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanns skipsins, ef hann er þar á staðnum.

3. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendandi veit eigi um verð vörunnar, þegar skýrslu skal gefa, en býst við að fá vitneskju um það innan skamms tíma, má veita honum stuttan frest til skýrslugjafar um verðið, gegn því, að hann skuldbindi sig til að skýra frá verðinu sjerstaklega að frestinum liðnum. Ef búast má við, að ekki fáist vitneskja um verðið fyrir en eftir langan tíma, þá skal gefa skýrslu strax um verðið, sem þá skal setja eftir áætlun.

4. gr.

Auk þess útdráttar úr farmskrá skips um þær vörur, er fara eiga á hverja einstaka höfn, sem samkvæmt lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll,

ber að afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar eiga að affermast, skal einnig afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn annað samhljóða eintak af farmskránni um vörur til þeirrar hafnar. Skal það síðan sent hagstofunni ásamt verslunarskýrslunum um þær vörur, er í farmskránni standa.

Nú er innflutt vara tilfærð á farmskrá skips til annars staðar en þess, sem innflytjandi samkvæmt farmskirteini á að fá hana afhenta, og skal þá sá, er annast um umhleðsluna, eða ef um skipa-afgreiðslumenn er að ræða, afgreiðslumaður sá, sem veitti vörunum móttöku frá útlöndum, senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, þar sem móttakandi er, farmskrá yfir vörur þær, sem sendar eru, og annað eintak af þeirri farmskrá ber honum að afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á þeim stað, sem varan er send frá, og varðar sömu sektum og getur í 2. gr., ef út af er brugðið. Skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans á þeim stað, sem varan er send frá, bera farmskrá þessa saman við hina erlendu farmskrá og skrifa þar að lútandi vottorð á hana. Um innheimtu og skil innflutningskýrslna fyrir slíkum vörum fer svo á sömu leið og þær hefðu verið innfluttar heint frá útlöndum til viðtakanda.

Fyrir hvert skip, er tekur vörur til útflutnings á einhverri höfn, skal skipstjóri eða afgreiðslumaður þess afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans þar samrit af farmskrá um farm skipsins frá þeirri höfn, þar sem taldar sjeu upp allar vörur, sem skipið hefir tekið þar við til útflutnings, þar með einnig þær vörur, sem umhlaðnar hafa verið þar úr öðrum skipum, og tilgreint vörumagn hverrar vöru, er komi heim við hleðsluskirteini, og sje skráin undirrituð af skipstjóra. Farmskráin sendist svo hagstofunni ásamt verslunarskýrslunum um vörur þær, sem á henni standa.

#### 5. gr.

Gefi nokkur visvitandi ranga skýrslu, varðar það sektum, frá 10—1000 kr. Tregðist nokkur við að láta í tje skýrslu, sem hann hefir fengið frest til að gefa, má þröngva honum til þess að frestinum liðnum með dagsektum, 2—10 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í brjefi til hlutaðeiganda.

#### 6. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

#### 7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 16, 9. júlí 1909, um breytingu og viðauka við lög um hagfræðiskýrslur, nr. 29, 8. nóv. 1895.

#### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er sendendum og viðtakendum vara skylt að gefa þegar skýrslur þær, sem hjer eru heimtaðar, fyrir þann hluta ársins 1922, sem liðinn er.